

**Nd.**

**26. Tillaga**

til þingsályktunar um tölu ráðherra.

Flutningsmenn: Jón Þorláksson og Pjetur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að leggja það til við Hans Hátignskonunginn, að ráðherrar verði fyrst um sinn einungis tveir að tölu.

### Greinargerð.

Þegar stjórnin fluttist inn í landið 1904 var æðsta stjórn landsins falin 2 mönnum, ráðherra og landritara. Þessi tilhögun hjelst til 1917, þegar fyrsta þri-menningsstjórnin var mynduð. Síðan hafa jafnan verið þrjú ráðherrar, þar til nú að sameinuð hafa verið tvö embættin um stundarsakir eftir fráfall Pjeturs heit-ins Jónssonar atvinnumálaráðherra.

Það virðist engan veginn vera ofællun tveim nýtum og starfhæfum mönnum að hafa á hendi æðstu stjórn landsins, eins og var frá 1904—1917. Hinsvegar er nú brýn þörf á að spara öll ónaúðsynleg útgjöld, jafnt af hálfu ríkisins, sveitarfélaga og einstaklinga, og er það ljóst, að þing og stjórn verða að ganga miklu lengra í kröfum sínum um sparnað en nokkru sinni fyr. En þá er það ekki nema eðlileg krafa landsmanna, að byrjað verði á því að færa niður kostnaðinn við alþingishaldið og við hina æðstu stjórn landsins, sem vaxið hefir mjög á síðari árum.

Sennilega eru skiftar skoðanir manna um það, hvort heppilegra sje að taka upp aftur gömlu tilhögunina með einum ráðherra og landritara, eða að hafa tvo ráðherra og engan landritara. En þess verður að gæta, að til þess að gamla tilhögunin verði tekin upp, mun þurfa lagasetningu og jafnvel stjórnarskrárbreytingu, en að fækka ráðherrum úr 3 í 2 er á valdi konungs samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar.